

Alþingi
Erindi nr. P 143/1352
komudagur 1.4.2014

1.4.2014

Góðan dag,

Ég vil fá að senda ykkur þetta skjal til upplýsinga, en það var sent til Samtaka verslunar og þjónustu, í tilefni af umsögn þeirra við 213. mál um tilflutning verkefna er varða markaðsefirlit með raftækjum.

Með bestu kveðju / Best regards
Helga Sigmundsdóttir, lögfræðingur
Neytendastofa / Consumer Agency
Borgartúni 21 - 105 Reykjavík
s./tel: + (354) - 510 11 00
fax: +(354) - 510 11 01

Samtök verslunar og þjónustu
Borgartúni 35
105 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 28.03.2014
Tilv. 2014/0067 - 0.0.01
BRG

Efni: Vegna umsagnar um 213. mál – tilflutningur verkefna er varða markaðseftirlit með raftækjum

Neytendastofa hefur kynnt sér umsögn yðar til Alþingis, sbr. 213. mál, tilfærsla raffangaeftirlits frá Neytendastofu til Mannvirkjastofnunar. Af umsögn yðar er ljóst að hún byggir ekki á réttum upplýsingum að mati Neytendastofu. Af þeirri ástæðu telur stofninin mikilvægt að hún upplýsi um eftirfarandi atriði og hvetur samtökin til að endurskoða afstöðu sína með hliðsjón af þeim neðangreindum upplýsingum:

- Eftirlit með raftækjum á Evrópska efnahagssvæðinu byggir á tilskipun um lágspennt raftæki (neytendavörur) og er einni eftirlitsstofnun, yfirleitt neytendastofum eða samskonar viðskiptaeftirlitsstofnunum falið allt markaðseftirlit með slíkum vörum. Rétt er að eftirlit fer ekki eftir því hvort raftæki séu varanlega tengd mannvirki enda eru vörur sem framleiddar eru undir ákvæðum tilskipunarinnar yfirleitt ekki varanlega tengd mannvirkjum, s.s. hárbílastar, brauðristar, ryksugur, sjónvörp, ísskápar o.s.frv. Tilskipunin setur ítarlegur reglur fyrir framleiðendur raftækja, gerir CE-merki og samræmisyfirlýsingar að skilyrði og kröfu um að viðeigandi markaðseftirliti sé framfylgt í verslunum og við innflutning á slíkum vörum. Eftirlit með neytendavörum er yfirleitt falið einni stofnun og hvergi þekkist að fella slíkt markaðseftirlit til stofnana sem hafa umsjón með gerð mannvirkja. Markaðseftirlit með raftækjum í verslunum á ekkert skylt með eftirliti sem fram fer með starfsemi raforkuvirkjana eða starfsemi rafverktaka. Í flest öllum EES-ríkjum er markaðseftirlit með vörum alveg aðskilið frá eftirlit með háspennuvirkjum eða starfsemi iðnaðarmanna, s.s. rafvirkja. Aðeins í Svíþjóð er enn til „*rafmagnseftirlit ríkisins*“ með gömlu sniði svo sem var hér á landi fram til ársins 1996. Það er því ekki í takt við þróun markaðseftirlits og starfshátta í EES-ríkjum almennt að taka eftirlit með raftækjum til hliðar með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Tilfærsla á markaðseftirliti með raftækjum á grundvelli tilskipunar um lágspennt raftæki til Mannvirkjastofnunar er því bæði óhagkvæm og órökrétt. Mörg tæki hér á landi nýta rafmagn og ef það ætti að vera viðmið við markaðseftirlit þá þyrfti t.d. að færa eftirlit með raftengdum lækningatækjum og fjarskiptabúnaði til Mannvirkjastofnunar. Augljóst er að slík tilhögun þekkist hvergi í öðrum löndum. Allt eftirlit með raftækjum sem eru neytendavörur er því rökrétt að fela Neytendastofu sem jafnframt vinnur að slíku eftirliti í EES-samstarfinu og sér um RAPEX-tilkynningakerfið um hættulegar neytendavörur. Í því kerfi eru tilkynningar um innköllun á raftækjum eitt af

viðameiri málum sem tilkynnt er um á EES-svæðinu.

- Í umsögn yðar segir að tilfærslan muni að „*öllum líkindum stuðla að auknu hagræði*“ . Það er hins vegar ljóst að umrædd breyting mun þvert á móti valda **kostnaðarauka** í markaðseftirliti. Augljóst er að Neytendastofa fer hér eftir sem hingað til með markaðseftirlit öllum almennum neytendavörum, svo sem stigum, reiðhjólum, pönnum, leikföngum, persónuhlífum til einkanota, íþróttabúnaði, kveikjurum, o.s.frv. Allt eru þetta vörur sem seldar eru í einni og sömu stórverslun þar sem raftæki eru einnig seld.
Grundvallarlög um um öryggi vöru eru lög nr. 134/1995 og byggja þau á almennu vöruöryggis tilskipun ESB. Neytendastofa ber ábyrgð á markaðseftirliti á grundvelli laganna sem og ýmsum sérlögum. Sértilskipanir s.s. um lágspennit raftæki eða aðrar vörur sem lúta CE-merkingum koma svo til viðbótar almennum reglum skv. vöruöryggis tilskipun ESB. Sérhæfing og þekking Neytendastofu er á sviði reglna sem gilda um framleiðslu á vörum sem falla undir samhæfingarlöggjöf ESB og eftirlit með þeim. Í því felst að kanna samræmisyfirlýsingar (vegabréf vöru), hafa samskipti við töllyfirvöld og systurstjórnvöld á EES-svæðinu og framkvæmdastjórn ESB. Verði framangreind breyting að veruleika þá verður það til þess að í stað þess að einn aðili þ.e. Neytendastofa komi í markaðseftirlit á verslunarstað þá mun bæði Neytendastofa og Mannvirkjastofnun koma í eftirlit í viðkomandi verslun. Í því felst tvöföldun á eftirliti með tilheyrandi auka kostnaði fyrir ríkissjóð. Framangreind breyting er því bæði óhagkvæm og leiðir væntanlega til meiri óskilvirkni.
- Neytendastofa fer einnig með eftirlit með lögbundnum merkingum s.s. verðmerkingum á hillum og kössum í verslunum. Um leið og slíkt eftirlit fer fram þá hefur stofnunin einnig kannað í raftækjadeildum stórverslana hvort fylgt sé lögbundinni skyldu til að hafa viðeigandi merki um orkunýtni t.d. heimilistækja sýnilegar fyrir neytendur. Í þeim EB-reglum er einnig að finna skyldu varðandi merkingar hjólbarða. Í tengslum við framangreint frumvarp um tilflutning á eftirliti hefur Alþingi einnig lagt til að þetta eftirlit færist til Mannvirkjastofnunar. Það leiðir til þess að framvegis munu tvær eftirlitsstofnanir koma í raftækjadeildir og verslanir til að kanna hvort verið sé að uppfylla lögbundna skyldu til merkingar til að upplýsa neytendur. Í því felst tvöföldun á eftirliti og því aukið óhagræði og kostnaður fyrir atvinnulífið og ríkissjóð.
- Samtökin fjögur sem standa að sameiginlega að umsögn til Alþingis „*fagna framkomnu frumvarpi og þeim breytingum sem þar eru lagðar til*“ . Neytendastofa telur að umrædd umsögn hljóti að byggja á röngum upplýsingum og ófullnægjandi könnun af hálfu samtakanna á hagkvæmni þeirrar tillögu sem hér um ræðir. Eins og hér að framan hefur verið rakið þá leiðir tillagan til aukinnar óhagkvæmni og óskilvirkni í markaðseftirliti sem fram fer hér á landi, sem vart getur verið sérstakt fagnaðarefni, a.m.k. ef ekki er tekið mið af ýmsum ályktunum um það efni á undanförunum árum.


Neytendastofa hefur í umsögnum til allsherjar – og menntamálanefndar, sbr. 213. mál og einnig í umsögn um 187. mál, um vistvæna hönnun vöru sem notar orku, bent á framangreind atriði og það innbyggða óhagræði sem felst í þeim breytingum sem lagðar hafa verið til. Stofnunin hvetur samtökin til að kynna sér nánar sjónarmið og upplýsingar sem er að finna í framangreindum umsögnum Neytendastofu.

Neytendastofa telur það vera afar óheppilegt að frumvarpið er ekki byggt á neinni faglegri úttekt og aðilar máls og umsagnaraðilar geta sér til að með breytingum náist fram hagkvæmni í eftirliti. Fagleg úttekt og skoðun væri til þess fallin að leiða í ljós að hagræðing er mun meiri af því að fela Neytendastofu alfarið allt markaðseftirlit með raftækjum enda mikil samlegð í eftirliti með neytendavörum og fela þannig einni stofnun eftirlit með sem flestum vöruflokkum sem er að finna á markaðstorgi stórverslana og sem eru undir eftirliti Neytendastofu.

Neytendastofa vill því hvetja samtökin fjögur, þ.e. sameiginlega eða í hvert í sínu lagi, til að endurskoða umsögn sína með hliðsjón af framangreindum upplýsingum.

Óski samtökin eftir nánari upplýsingum eru stofnunin reiðubúin til þess að veita þær eftir því sem unnt er.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Guðrún Lárusdóttir